

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/42/33

nr. 106/2015

frá 30. apríl 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/46/ESB frá 3. apríl 2014 um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/47/ESB frá 3. apríl 2014 um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni atvinnuökutækja í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2000/30/EB ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 87.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/45/ESB fellur úr gildi, frá og með 20. maí 2018, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 20. maí 2018.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/47/ESB fellur úr gildi, frá og með 20. maí 2018, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 20. maí 2018.
- 6) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB):
„16b. **32014 L 0045**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB):
„17ha. **32014 L 0047**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/47/ESB frá 3. apríl 2014 um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni atvinnuökutækja í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2000/30/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 134), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 87.“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24c (tilskipun ráðsins 1999/37/EB):
„– **32014 L 0046**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/46/ESB frá 3. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 129).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 129.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 134.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1.

4. Texti liðar 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB) og liðar 17h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB) falli brott frá og með 20. maí 2018.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2014/45/ESB, 2014/46/ESB og 2014/47/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 87, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2014 frá 16. maí 2014 ⁽⁶⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(6) Stjtið. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 30.10.2014, bls. 31.